

# Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu fyrir árið 2017

Regluleg eftirlitsskýrsla

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.



**SJÓVÁ**

# Efnisyfirlit

<b>A</b>	<b>Rekstur og afkoma</b>	<b>3</b>	<b>F</b>	<b>Staðfesting stjórnar og stjórnenda</b>	<b>17</b>
A.1	Rekstur	3	<b>Gagnatöflur - Samstæða 2017</b>	<b>18</b>	
A.2	Árangur í váttryggingastarfsemi	4	Undertakings in the scope of the group	18	
A.3	Árangur í fjárfestingum	4	Balance sheet	19	
A.4	Árangur af annarri starfsemi	7	Premiums, claims and expenses by line of business	20	
A.5	Aðrar upplýsingar	7	Premiums, claims and expenses by line of business	21	
<b>B</b>	<b>Stjórnkerfi</b>	<b>7</b>	Premiums, claims and expenses by country	22	
B.1	Almennar upplýsingar um stjórnkerfi	7	Own funds	23	
B.2	Hæfilegar og viðeigandi kröfur	9	Solvency Capital Requirement — for groups on Standard Formula	24	
B.3	Áhættustýring og eigið áhættu- og gjaldþolsmat	10	<b>Gagnatöflur - Sjóvá líf 2017</b>	<b>25</b>	
B.4	Innra eftirlit hjá Sjóvá og regluvarsla	10	Balance sheet	25	
B.5	Starfssvið innri endurskoðanda	11	Premiums, claims and expenses by line of business	26	
B.6	Starfssvið tryggingastærðfræðings	11	Premiums, claims and expenses by country	27	
B.7	Útvistun	11	Life and Health SLT Technical Provisions	28	
B.8	Aðrar upplýsingar um stjórnkerfi	11	Own funds	29	
<b>C</b>	<b>Áhættusnið (e. Risk Profile)</b>	<b>11</b>	Solvency Capital Requirement — for undertakings on Standard Formula	30	
C.1	Váttryggingaáhætta	11	Minimum Capital Requirement — Only life or only non-life insurance or reinsurance activity	31	
C.2	Markaðsáhætta	12	<b>Gagnatöflur - Móðurfélag 2017</b>	<b>32</b>	
C.3	Kröfuáhætta	13	Balance sheet	32	
C.4	Lausafjáráhætta	13	Premiums, claims and expenses by line of business	33	
C.5	Rekstraráhætta	13	Premiums, claims and expenses by country	34	
C.6	Aðrar áhættur	13	Non-life Technical Provisions	35	
<b>D</b>	<b>Mat á gjaldþolsstöðu</b>	<b>16</b>	Non-life insurance claims	36	
D.1	Eignir	16	Own funds	37	
D.2	Váttryggingaskuld	14	Solvency Capital Requirement — for undertakings on Standard Formula	38	
D.3	Aðrar skuldir	16	Minimum Capital Requirement — Only life or only non-life insurance or reinsurance activity	39	
D.4	Aðrar matsaðferðir	16			
D.5	Aðrar upplýsingar	16			
<b>E</b>	<b>Eiginfjárstýring</b>	<b>16</b>			
E.1	Gjaldþol	16			
E.2	Gjaldþols- og lágmarkskrafa eigin fjár	16			
E.3	Notkun á „duration-based equity sub-module“	17			
E.4	Mismunur á niðurstöðum staðalreglu og eigin líkans	17			
E.5	Krafa um lágmarksfjármagn ekki uppfyllt	17			
E.6	Aðrar upplýsingar	17			

# 1. Samantekt

Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er alhliða váttryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) var stofnað var 20. júní 2009. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útviðað til móðurfélagsins. Í skýrslu þessari er fjallað um samstæðuna í heild nema annað sé tekið fram.

Afkoma váttryggingarekstrarins batnaði frá 2016 og lækkaði samsett hlutfall milli ára úr 100,9% í árslok 2016 í 99,4% í árslok 2017.

Unnið er að innleiðingu nýrrar löggjafar um persónuvernd sem byggir á tilskipun Evrópusambandsins. Þá eru fyrirsjáanlegar breytingar á skaðabótalögum sem kalla muna á breytingar á iðgjöldum.


Stærstu breytingar á eignasafninu á árinu 2017 voru að staða skráðra ríkisskuldabréfa og sértryggðra fyrirtækjaskuldabréfa var minnkuð á meðan staða í hlutabréfum var aukin.

Á árinu 2017 voru gerðar breytingar á skipulagi og var meginsviðum fækkað úr fimm í þrjú í tveimur skrefum. Við

þá breytingu var stofnstýring færð undir sölu- og ráðgjöf sem og markaðsmál og forvarnir. Upplýsingatækni, gæða- og öryggismál og vörubrúun færðust undir fjármál og þróun.

Gjaldpólskrafa félagsins breyttist lítillega á milli ára en þó urðu nokkrar breytingar á undirliggjandi þáttum hennar sem kemur fram í eftirfarandi mynd. Váttryggingaáhættan minnkaði einkum vegna breyttra endurtryggingasamninga og markaðsáhættan jókst helst vegna aukins vægis hlutabréfa í safni.

Þróun SCR gjaldpólskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2016 og 2017



## A Rekstur og afkoma

### A.1 Rekstur

#### A.1.1 Heiti félags og rekstrarform

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár. Félögin eru váttryggingafélög og starfa samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

#### A.1.2 Eftirlitsaðili

Sjóvá og Sjóvá líf lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME).

#### A.1.3 Ytri endurskoðandi

Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 79/2008 eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Endurskoðun ársreiknings er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2018 fyrir rekstrarárin 2018-2023. Endurskoðendurnir Sæmundur Valdimarsson og Sigríður Soffía Sigurðardóttir skrifa undir álit KPMG. Taka þeir við af Deloitte ehf. en endurskoðun félagsins hefur verið í þeirra höndum síðastliðin fimm ár en samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 ber að kjósa endurskoðendur til fimm ára á aðalfundi.

#### A.1.4 Eigendur virkra eignahluta

Hlutabréf í Sjóvá voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland 11. apríl 2014. Hluthafar í Sjóvá voru 1055 talsins í lok apríl 2018. Aðeins einn hluthafi á yfir 10% hlut, SVN eignafélag ehf. sem á 13,02% hlut.

### A.1.5 Uppbygging Sjóvá samstæðu

Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útviðað til móðurfélagsins. Annað dótturfélag Sjóvár er Sjóvá Forvarnahúsið ehf.


### A.1.6 Helstu váttryggingagreinar og starfssvæði Sjóvá

Sjóvá samstæðan starfar á sviði skaða- og líftrygginga. Skaðatryggingar eru eignatryggingar, sjúkra- og slysatryggingar og ábyrgðartryggingar. Undir eignatryggingar falla váttryggingar á fasteignum og lausafé, ábyrgðartryggingar bæta tjón á þriðja aðila sem hinn váttryggði veldur á meðan slysatryggingar tryggja hinn váttryggða vegna afleiðinga af völdum slysa. Þá eru líf- og heilsutryggingar undir líftryggingafélaginu. Tæp 71% iðgjalda eru í stærstu skaðatryggingaflokkunum: lögboðnum ökutækjatrýggingum (35%), eignatryggingum (19%) og frjálsum ökutækjatrýggingum (16%). Þá eru rúm 10% iðgjalda í heilsu- og líftryggingum.

Í árslok 2017 störfuðu 181 starfsmenn hjá Sjóvá í 174 stöðugildum. Sjóvá hefur á að skipa 21 útibúum og þjónustuskrifstofum víðs vegar um landið. Auk höfuðstöðva í Reykjavík eru útibú staðsett á Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Selfossi og Reykjanesbæ.

## SFCR

### Mynd 1 - Hlutfallsskipting iðgjalda eftir váttryggingagreinum



#### A.1.7 Viðskipti eða atburðir sem höfðu veruleg áhrif á Sjóvá

Ekki urðu umtalsverðar breytingar á váttryggingarekstri á árinu 2017. Aukning ferðamanna til landsins og aukin umferð þeirra sem og landsmanna hafa áhrif á afkomu í ökutækjatrýggingum sérstaklega. Náð er fylgst með tjónaþróun og áhersla lögð á aðlögun iðgjalda að tjónakostnaði.

Ekki urðu umtalsverðar breytingar á áhættusniði á árinu 2017 hvað fjárfestingar varðar þó eignasamsetning fjárfestingasafnsins hafi tekið nokkrum breytingum sbr. mynd 12 í kafla A.3.1.

## A.2 Árangur í váttryggingastarfsemi

### A.2.1 Samanburður milli ára

Eins og fram kemur í ársreikningi Sjóvá fyrir 2017 vaxa iðgjöld ársins um 6,4% á milli ára. Að hluta til er hækkun komin til vegna hækkunar á vísitölum váttryggingategunda þar sem undirliggjandi áhættur hækka í samræmi við vísitölur.

Yfirlit yfir afkomu af váttryggingarstarfsemi (millj.kr.) ásamt helstu kennitölum má sjá á mynd 2.

Yfirlit yfir afkomu af váttryggingarstarfsemi (millj.kr.) ásamt helstu kennitölum má sjá á mynd 2.

Mynd 2. Helstu rekstrartölur (í millj. kr.)

	2017	2016	breyting
Iðgjöld ársins	16.383	15.399	6%
Hluti endurtryggienda í iðgjöldum ársins	-845	-911	
Fjárfestingatekjur	2.264	3.434	
Aðrar tekjur	73	149	
Heildartekjur starfsþátta	17.876	18.072	
Tjón ársins	-12.160	-11.259	8%
Hluti endurtryggienda í tjónum ársins	259	-2	
Rekstrarkostnaður af váttryggingarstarfsemi	-3.614	-3.507	3%
Annar rekstrarkostnaður	-275	-238	
Rekstrarafkoma starfsþátta	2.085	3.065	
Tekjuskattur	-339	-375	
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>1.746</b>	<b>2.690</b>	<b>-35%</b>
<b>Helstu kennitölur</b>			
Tjónshlutfall	74,2%	73,1%	
Endurtryggingahlutfall	3,1%	5,0%	
Kostnaðarhlutfall	22,1%	22,8%	
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>99,4%</b>	<b>100,9%</b>	

Vöxtur iðgjalda á milli árunna 2016 og 2017 er mestur í ökutækjatrýggingum og kemur til vegna nokkurra atriða. Vísitala launa hefur bein áhrif á tjón í greininni og þar með einnig á iðgjaldid og hefur sú vísitala hækkað töluvert á milli ára. Þá hafa iðgjöld verið hækkuð í ákveðnum áhættuflokkum umfram vísitölu og loks er aukinn fjöldi ökutækja í tryggingu, einkum hjá bílaleigum. Vöxtur hefur einnig orðið í lífftryggingum og skýrist það af fjölgun einstaklinga í tryggingu og hækkun iðgjalda vegna aldurshækkunar stofns. Þá fylgja iðgjöld breytingum á váttryggingafjárhæðum.


Hlutfallslega hafa tjónin vaxið í við meira en iðgjöldin á árinu. Munar þar mestu um stærsta greinaflokkinn lögboðnar ökutækjatrýggingar en þar er vöxtur iðgjalda 11% á milli ára á meðan að tjón hækka um 13%.

Tjónshlutfall 2017 er hærra en árið 2016 sem nemur tæpu prósentustigi. Mestu munar um aukningu tjóna í ökutækjatrýggingu en það er langstærsti greinaflokkurinn og ökutækjatrýggingar í heild vega langþýngst í iðgjöldum og tjónum félagsins. Á árinu 2017 varð eitt brunatjón sem flokkast sem stórtjón og eitt ökutækjatjón sem samkvæmt mati mun fara yfir eigin áhættu félagsins. Óverulegur munur er á eigin tjónshlutfalli þar sem búið er að taka tillit til þessa.

Samsett hlutfall váttryggingagreina milli ára má sjá hér að neðan.

## Samsett hlutfall váttryggingagreina

Mynd 3



### A.3 Árangur í fjárfestingum

Verðbréfaeignir samstæðunnar námu 36,0 ma.kr. í lok árs 2017 samanborið við 36,2 ma.kr. í lok árs 2016. Þær eignir sem tilheyra ekki eignum í stýringu eru hluteildarsjóðir þar sem lífftryggingatakar bera fjárfestingaráhættu, eignir Sjóvá lífs í verðbréfasjóðum, laust fé sem notað er í daglegum rekstri og hlutafé í dótturfélagi Sjóvá, Sjóvá Forvarnahúsinu ehf. Verðbréfaeignir sem samstæðan ber fjárfestingaráhættu af námu í lok árs 2017 32,0 ma.kr. samanborið við 32,9 ma.kr. í lok árs 2016 Samstæðan ber ekki fjárfestingaráhættu af afleiðum, verðbréfum né á það eignir að neinu marki sem skráðar eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum.

Fjárfestingatekjur samstæðunnar námu 2,3 ma.kr. árið 2017 samanborið við 3,4 ma.kr. árið 2016 og dragast saman um 34,1% á milli ára.

Fjárfestingatekjur greinast annars vegar í fjármunatekjur sem samanstanda af vaxtatekjum af handbæru fé, vaxtatekjum af viðskiptakröfum, fengnum arði og gengismuni og hins vegar af gangvirðisbreytingu verðbréfa sem samanstendur af söluhagnaði verðbréfa, gangvirðisbreytingum og vaxtatekjum. Fjármunatekjur

námu 0,59 ma.kr. árið 2017 og 0,62 ma.kr. árið 2016 og drógust saman um 4,5% á milli ára. Gangvirðisbreyting verðbréfa nam 1,7 ma.kr. árið 2017 og 2,8 ma.kr. árið 2016 og dregst saman um 40,5% á milli ára. Niðurbrot fjárfestingatekna (þús. kr.) má sjá á mynd 4.

Fjárfestingatekjur samstæðunnar af eignum í stýringu námu 1,8 ma.kr. á árinu 2017 og beinn kostnaður nam 83,3 m.kr. Beinn kostnaður vegna fjárfestingastarfsemi samanstendur af viðskiptabókunum og vörslu- og uppgjörsgjöldum á tímabilinu.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi árið 2017 ásamt beinum kostnaði henni tengdri eftir eignaflokkum má sjá á mynd 5. Fjárfestingatekjur samstæðunnar af eignum í stýringu námu 3,0 ma.kr. á árinu 2016 og beinn kostnaður nam 82,2 m.kr. á árinu 2016. Beinn kostnaður vegna fjárfestingastarfsemi samanstendur af viðskiptabókunum og vörslu- og uppgjörsgjöldum á tímabilinu. Til samanburðar má sjá sömu upplýsingar fyrir árið 2016 á mynd 6.

Mynd 4. Niðurbrot fjárfestingatekna (í þús. kr.)

	2017	2016
Vaxtatekjur af handbæru fé	38.236	44.532
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	411.449	407.114
Fenginn arður	140.637	172.802
Gengismunur	-1.302	-7.411
<b>Fjármunatekjur samtals</b>	<b>589.021</b>	<b>617.037</b>
Gangvirðisbreyting verðbréfa	1.674.967	2.817.416
<b>Fjárfestingatekjur</b>	<b>2.263.988</b>	<b>3.434.453</b>

Mynd 5. Afkoma af fjárfestingarstarfsemi 2017 (í þús. kr.)


	Virði 01.01.2018	Virði 01.01.2017	Afkoma 2017	Gjöld 2017
Ríkiskuldabréf, skráð á markað	12.616.907	13.570.202	695.253	20.918
Fyrirtækjaskuldabréf, skráð á markað	4.796.063	5.015.541	271.245	3.999
Hlutabréf, skráð á markað	8.281.758	8.089.491	289.042	45.935
Fyrirtækjaskuldabréf, óskráð	446.353	376.886	14.280	117
Hlutabréf, óskráð	1.553.389	1.437.872	13.093	10.798
Sjóðir	4.220.518	4.296.228	522.484	1.535
Innstæður skemmri en eitt ár	373.930	156.999	16.129	75
<b>Samtals</b>	<b>32.288.918</b>	<b>32.943.219</b>	<b>1.821.526</b>	<b>83.377</b>

Mynd 6. Afkoma af fjárfestingarstarfsemi 2016 (í þús. kr.)

	Virði 01.01.2017	Virði 01.01.2016	Afkoma 2016	Gjöld 2016
Ríkiskuldabréf, skráð á markað	13.570.202	11.065.420	552.267	31.038
Fyrirtækjaskuldabréf, skráð á markað	5.015.542	5.539.662	380.344	4.668
Hlutabréf, skráð á markað	8.089.491	7.559.269	766.714	43.367
Fyrirtækjaskuldabréf, óskráð	376.886	325.772	-30.398	167
Hlutabréf, óskráð	1.437.872	778.499	489.152	309
Sjóðir	4.296.228	3.436.719	790.570	2.110
Innstæður skemmri en eitt ár	156.999	1.646.329	60.405	538
<b>Samtals</b>	<b>32.943.220</b>	<b>30.351.670</b>	<b>3.009.054</b>	<b>82.197</b>

Stærstu breytingar á eignasafninu á árinu 2017 voru að staða skráðra ríkisskuldabréfa og sértryggðra fyrirtækjaskuldabréfa var minnkuð á meðan staða í skráðum hlutabréfum (utan skráðra hlutabréfa í fasteignafélögum) var aukin. Þá jókst jafnframt hlutfall óskráðra hlutabréfa og eigna í sjóðum utan Kauphallar í eignasafninu. Sjá breytingar á eignasamsetningu eignasafnsins á árinu 2017 í mynd 7.

**Mynd 7. Breytingar á eignasamsetningu eignasafnsins á árinu 2017**



Eftir kröftugan vöxt undanfarin ár færðist hagkerfið nær jafnvægi á árinu 2017. Hagvöxtur var 3,6% sem er þó enn yfir langtíma vaxtargetu hagkerfisins. Verðbólga náði ekki 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands á árinu, var að meðaltali 1,8%. Mælt á samræmda vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Evrópu reiknar verðbólgu var 1% verðhjöðnun á Íslandi á árinu 2017 sem var mesta verðhjöðnun í Evrópu. Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti sína þrisvar sinnum á árinu, samtals um 0,75 prósentustig og fjármagnshöft á útlæði fjármagns voru afnumin snemma árs 2017 en fjármagnshöftum á innflæði enn haldið. Í kjölfar breytinga á fjármagnshöftum jukust sveiflur í gengi krónunnar og óróinn smitaðist jafnframt yfir á aðra eignamarkaði.

Fjárfestingatekjur ársins 2017 voru undir áætlunum félagsins. Þrátt fyrir góðan gang í hagkerfinu og lækkanði vexti olli ávöxtun hlutabréfa vonbrigðum á árinu og litaði afkomu af fjárfestingastarfsemi félagsins. Árið 2017 einkenndist af miklum sveiflum á gengi hlutabréfa og arðsleiðrétt Úrvalsvísitala lækkaði um 3,4%. Af þeim 19

fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöll Íslands lækkaði gengi 8 en 11 hækkuðu. Ávöxtun á skuldabréfamarkaði var góð og þá sérstaklega á verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Ríkisskuldabréfavísitala Gamma hækkaði um 9,4% á árinu og hlutabréfavísitala Gamma hækkaði um 1,3%. Úrvalsvísitala Nasdaq á Íslandi (OMX18) lækkaði um 4,4%.

Afkoma allra eignaflokka í eignasafni Sjóvár var viðunandi á árinu. Sjá yfirlit yfir afkomu stærstu eignaflokka félagsins á mynd 8.

Samanburð á ávöxtun hlutabréfasjóða á árunum 2015 og 2016 má sjá á mynd 9.

**Mynd 9. Ávöxtun nokkurra ríkisskuldabréfasjóða, 2017**

	2017
<b>Sjóvá - samstæða</b>	<b>6,1%</b>
ÍV áskriftasjóður	6,3%
Gamma Gov	6,3%
Landsbréf Sparibréf millilöng	5,8%
Íslandssjóðir Meðallöng ríkisskuldabréf	7,3%
Júpíter ríkisskuldabréf	7,1%
Stefnir millilöng ríkistryggð	6,3%
Ríkisskuldabréfavísitala Gamma	9,4%

**Mynd 8. Afkoma og ávöxtun eignasafns samstæðu á árinu 2017, (í þús.kr.)**

	Virði 01.01.2018	Vægi	Virði 01.01.2017	Hreyfingar	Ávöxtun	Afkoma
Laust fé	1.253.723	3,9%	569.046	645.448	5,15%	39.230
Skuldabréf með ríkisábyrgð	13.512.547	41,8%	14.752.917	-1.992.816	6,12%	752.447
Önnur skuldabréf	5.876.113	18,2%	6.515.967	-1.029.458	6,59%	389.604
Skráð hlutabréf	8.367.621	25,9%	8.166.221	-96.776	3,42%	298.176
Óskráð hlutabréf	3.278.913	10,2%	2.939.069	-2.228	11,44%	342.072
<b>Verðbréf samtals</b>	<b>29.542.600</b>	<b>100,0%</b>	<b>30.787.290</b>	<b>-2.929.633</b>	<b>5,95%</b>	<b>1.684.942</b>

Samanburð á ávöxtun hlutabréfasjóða á árinu 2017 má sjá á mynd 10.

Mynd 10. Ávöxtun nokkurra hlutabréfasjóða, 2017

	2017
<b>Sjóvá - samstæða</b>	<b>3,4%</b>
ÍV hlutabréfasjóður	0,4%
Gamma Equity	-6,8%
Landsbréf Öndvegisbréf	-10,9%
Íslandssjóðir Hlutabréfasjóðurinn	-3,7%
Júpíter innlend hlutabréf	7,5%
Stefnir ÍS 15	-4,5%
Landsbréf Úrvalsbréf	-13,0%
Hlutabréfavísitala Gamma	1,3%


#### A.4 Árangur af annarri starfsemi

Ekki er um aðra starfsemi að ræða en fram kemur í köflum A.1-A.3.

#### A.5 Aðrar upplýsingar

Ekki eru aðrar veigamiklar upplýsingar um rekstur og afkomu en þær sem fram koma í köflum A.1-A.3.

Mynd 11. Skipurit Sjóvár tók gildi 1. mars 2018



## B Stjórnkerfi

### B.1 Almennar upplýsingar um stjórnkerfi

#### B.1.1 Samsetning stjórnar, megin svið, helstu nefndir, gæðakerfi og lykilstarfssvið

##### B.1.1.1 Samsetning stjórnar

Stjórn Sjóvár er skipuð fimm einstaklingum; hagfræðingi, lögfræðingi og viðskiptafræðingum, þ.a. einum endurskoðanda. Styrkleikar stjórnarinnar eru fjölbreytt samsetning, víðtæk þekking úr atvinnulífinu og reynsla af stjórnarsetu félaga í fjölbreyttum rekstri. Sérfræðiþekking og reynsla hvers stjórnarmanns nýtist vel í störfum stjórnarinnar. Stjórnin starfar eftir starfsáætlun sem samþykkt er af stjórn frá aðalfundi til aðalfundar. Fundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Stjórn Sjóvár endurskoðar starfsreglur sínar árlega en þær kveða meðal annars á um hæfi stjórnarmanna, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verk svið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda.

Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við stefnu og áætlanir, lög og samþykktir og hafa eftirlit með rekstri og ráðstöfun fjármuna. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið þess náist og að til staðar sé skilvirkt innra eftirlit, áhættustýring og hlítning við lög og reglur. Stjórn skal tryggja að viðmiðum og lágmarkskröfum um gjaldþol sé ævinlega fylgt og skal staðfesta að staðalregla um útreikninga gjaldþols sé viðeigandi fyrir félagið og að niðurstöður gjaldþolsútreikninga séu nýttar í rekstrinum. Þá skal stjórn tryggja að gildi og stefna Sjóvár séu þekkt og innleidd í starfsemiinni.

Stjórnin metur árlega störf sín og gerir sjálfsmat á samsetningu stjórnarinnar en hún telur sig búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að sinna störfum sínum.

Stjórn Sjóvárlífs skipa þrjár einstaklingar. Formaður stjórnar er starfsmaður félagsins en aðrir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Stjórnina skipa tveir lögfræðingar, annar þeirra forstjóri Sjóvárlífs, og einn endurskoðandi. Stjórnin metur árlega störf sín og gerir sjálfsmat á samsetningu stjórnarinnar en hún telur sig búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að sinna störfum sínum.

Forstjóri Sjóvárlífs, framkvæmdastjóri Sjóvárlífs og stjórnarfolk hefur allt staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Stjórnin telur sig búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að sinna störfum sínum.

Forstjóri Sjóvárlífs, framkvæmdastjóri Sjóvárlífs og stjórnarfolk hefur allt staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Áhættustýring, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, hagdeild, mannauður, stefnumótun og viðskiptaþróun og trygginga- og tölfraeðigreining heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvárlífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar þriggja meginviða félagsins. Framkvæmdastjóri fjármála og þróunar er einnig framkvæmdastjóri Sjóvárlífs sem og annarra dótturfélaga auk þess að vera staðgengill forstjóra.

#### B.1.1.2 Meginvið Sjóvárlífs

Starfsemi er skipt upp í þrjú meginvið, þ.e. fjármál og þróun, sölu og ráðgjöf og tjón. Hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra:

**Fjármál og þróun** bera ábyrgð á innheimtu og reikningshaldi, uppgjörum, fjárhagsupplýsingum, áætlanagerð, endurtryggingum, gæða- og öryggismálum og upplýsingatækni.

**Sala og ráðgjöf** ber ábyrgð á ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga, útibúum og umbodsneti, markaðsmálum og forvörnum auk stofnstýringar.

**Tjónasvið** ber ábyrgð á tjónaskráningu, uppgjöri tjóna, bótaákvörðunum, tjónaskoðun og endurmati á skráðum tjónum. Undir tjónasvið fellur einnig lögfræðipjónusta.

#### B.1.1.3 Helstu nefndir og gæðakerfi

**Áhættu- og öryggisnefnd** er skipað áhættustjóra, forstjóra, framkvæmdastjóra Sjóvárlífs, sem jafnframt er staðgengill forstjóra, og forstöðumanni gæða- og öryggismála. Nefndin hefur yfirumsjón með því að unnið sé að samhæfðri áhættustýringu. Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn félagsins til stuðnings við greiningu og stýringu á þeim áhættum sem félagið stendur frammi fyrir. Nefndin hefur eftirlit með og tekur ákvörðun um samningsmörk og eigin áhættu endurtryggingasamninga að tillögu fjármála og þróunar. Nefndin hefur yfirumsjón með gæða- og öryggismálum og skal hafa yfirsýn yfir virkni gæðakerfis og að öryggismál séu í takt við þarfir félagsins og uppfylli lög og reglur.

**Fjárfestinganefnd og fjárfestingaráð** gegna lykilhlutverki í stýringu áhættu tengdri fjárfestingum. Í fjárfestingastefnu eru heimildir forstjóra, fjárfestinganeftirgjafar og fjárfestingaráðs tilgreindar. Í fjárfestinganeftirgjöf sitja auk forstjóra, framkvæmdastjóri fjármála og þróunar, forstöðumaður hagdeilda og forstöðumaður fjárfestinga. Hlutverk fjárfestinganeftirgjafar er að hafa yfirumsjón með fjárfestingum samstæðunnar og ber nefndin ábyrgð á að

rýna fjárfestingastefnu og senda til stjórnar til samþykktar að minnsta kosti einu sinni á ári. Fjárfestingaráð er skipað þremur stjórnarmönnum sem kosnir eru af stjórn Sjóvárlífs. Stærstu ákvarðanir er varða fjárfestingar eru teknar af stjórn Sjóvárlífs.

**Endurskoðunarnefndir** eru skipaðar þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn Sjóvárlífs og Sjóvárlífs. Hlutverk nefndanna er meðal annars að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun, áhættustýringu, gerð reikningsskila og viðbrögðum við áhættum. Endurskoðunarnefndir hafa umsjón með mati á innri og ytri endurskoðendum.

**Starfskjaraneftirgjafi** markar starfskjarastefnu sem miðar að því að Sjóvárlífs sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Stefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna og skal fylgja jafnréttisstefnu félagsins. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega. Starfskjaraneftirgjafi er skipað öllum stjórnarmönnum.

**Gæðakerfi** gegnir lykilhlutverki í stýringu áhættu. Í gegnum gæðakerfi hefur Sjóvárlífs innleitt skilvirkt stjórnkerfi sem inniheldur skráð verklag og skýra skiptingu ábyrgðar. Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsmenn fylgi skráðu verklagi í gæðakerfinu en áhersla er lögð á að hver og einn starfsmaður beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu og upplýsingaöryggi. Öll skjöl í gæðakerfi hafa ábyrgðaraðila sem skal rýna þau árlega. Fylgst er með framkvæmd verklags í reglulegum innri úttektum sem og í innri og ytri endurskoðun. Forstöðumaður gæða- og öryggismála ber ábyrgð á því að gæðakerfið sé virkt og sé áreiðanlegur vegvísir fyrir starfsfólk. Forstöðumaður fjárfestinga. Ef ákvörðun um fjárfestingu er umfram heimildir fjárfestinganeftirgjafar er ákvörðunin lögð fyrir fjárfestingaráð. Fjárfestingaráð er skipað þremur stjórnarmönnum sem kosnir eru af stjórn Sjóvárlífs. Stærstu ákvarðanir er varða fjárfestingar eru teknar af stjórn Sjóvárlífs.

#### B.1.1.2 Lykilstarfssvið

Fjögur lykilstarfssvið eru starfrækt en það eru áhættustýring, starfssvið tryggingastærðfræðings, innri endurskoðun og regluvarsla. Einingarnar áhættustýring, starfssvið tryggingastærðfræðings og regluvarsla heyra beint undir forstjóra. Innri endurskoðun er útvistað og heyrir beint undir stjórn.

**Áhættustýring** hefur eftirlit með samhæfðri áhættustýringu hjá Sjóvárlífs og leiðir áhættustjóri þá einingu. Áhættustjóri hefur yfirumsjón með samhæfðri áhættustýringu og eftirliti og tryggir viðeigandi umgjörð samhæfðar áhættustýringar og gjaldþolsreglna. Áhættustjóri ber einnig ábyrgð á mótun og verkstjórn með reglum um greiningu áhættuþátta og áhættumati í einstökum váttryggingagreinum. Leiðir vinnu við áhættustefnu félagsins í samstarfi við stjórn og framkvæmdastjórn félagsins, þ.m.t. að skilgreina áhættuvilja og þolmörk með stjórn. Leiðir áhættu- og öryggisnefnd sem m.a. mótar áhættustefnu félagsins og endurskoðar hana. Nefndin hefur eftirlit með að reglum um áhættustýringu sé framfylgt og ber ábyrgð á því að gripið sé til viðeigandi aðgerða. Áhættustjóri ber ábyrgð á eftirliti með áhættustefnum. Auk þeirra krafna um hæfi og hæfni sem getið er í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi er gerð krafa um viðtæka þekkingu á áhættustýringu og umtalsverða reynslu af störfum á sviði áhættustýringar.

**Tryggingastærðfræðingur** ber meðal annars ábyrgð á útreikningi á váttryggingaskuld og gjaldþolskröfu og er tryggingastærðfræðingur forstöðumaður trygginga- og tölfraeðigreininga. Eftirfarandi þættir eru m.a. á starfssviði tryggingastærðfræðings auk ofangreinds: Mat



á gæðum gagna sem notuð eru við útreikninga á váttryggingaskuld. Upplýsir stjórn um áreiðanleika váttryggingaskuldar. Gefur álit á áhættutöku félagsins vegna váttrygginga. Gefur álit á endurtryggingavernd félagsins. Ábyrgð á útreikningi gjaldspolskröfu SCR, í samstarfi við áhættustjóra félagsins. Er tryggingastærðfræðingur Sjóvárlífs. Tryggingafræðilegir útreikningar í uppgjörum skaðabótamála.

**Innri endurskoðun** er útvistað.

**Regluvarsla** hefur eftirlit með breytingum á lögum og reglum er varða starfsemina og hlítingu við þær. Stjórn skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Regluvörður ber ábyrgð á eftirliti með hlítingaráhættu og að hún sé auðkennd og metin innan félagsins. Hann mótar og viðheldur hlítingarstefnu og hlítingaráætlun. Veitir stjórn ráðgjöf varðandi fylgni við lög, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Leggur mat á áhrif lagabreytinga á starfsemi félagsins. Hefur umsjón með því að reglum félagsins um viðskipti innherja og meðferð innherjaupplýsinga sé framfylgt og að eftirfylgni sé í samræmi við lög um verðbréfiðskipti og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Innri endurskoðandi skal hafa eftirlit með störfum regluvarðar.

### B.1.2 Helstu breytingar á árinu 2017

Á árinu 2017 var meginviðum fækkað úr fimm í þrjú í tveimur skrefum en við þá breytingu var stofnstýring færð undir sölu- og ráðgjöf sem og markaðsmál og forvarnir. Upplýsingatækni, gæða- og öryggismál og vörubrún færðust undir fjármál og þróun. Í byrjun árs 2018 var ráðinn persónuverndarfulltrúi sem heyrir beint undir forstjóra. Áhættustýring, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, hagdeild, mannauður, stefnumótun og viðskiptaþróun og trygginga- og tölfraeðigreining heyrja beint undir forstjóra.

### B.1.3 Starfskjarastefna

Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna. Við framkvæmd stefnunnar skal jafnframt farið eftir mannréttindastefnu Sjóvárlífs.

### Starfskjör stjórnarmanna

Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin fyrir komandi starfsár á aðalfundi félagsins ár hvert. Skulu laun stjórnarmanna taka mið af

þeim tíma sem þeir þurfa að verja til starfars og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

### Starfskjör

Starfskjör allra starfsmanna skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur.

Einungis er heimilt við sérstök skilyrði, að mati stjórnar, að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra. Skal sérstaklega færa þá ákvörðun til bókar á stjórnarfundi ásamt röksemdum. Það sama á við um ædstu stjórnendur.

Laun og hlunnindi stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra samstæðunnar greinast eins og fram kemur í mynd 12.

### Hvatakerfi

Stjórn er heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur á grundvelli sérstaks kaupakkerfis sem stjórnin samþykkir að fengnu álit starfskjaranefndar.

Ekki eru nein slík ákvæði í gildi. Þá hafa engir kaupréttarsamningar verið gerðir við stjórnendur. Engin sérstök eftirlaunaákvæði eru fyrir hendi er varða snemmtekin eftirlaun einstakra starfsmanna.

### B.1.4 Viðskipti innherja (lykilstarfsmanna og stjórnar)

Hluti lykilstarfsfólks á hlutafé í Sjóvá en engin viðskipti áttu sér stað með þá hluti á árinu 2017. Regluverði barst engin tilkynning frá innherjum vegna fyrirhugaðra viðskipta á árinu 2017.

## B.2 Hæfilegar og viðeigandi kröfur

### B.2.1 Kröfur um færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu

Kröfur eru gerðar um færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu þeirra er stjórna fyrirtækinu og ábyrgðarmanna lykilstarfssviða þess. Fyrir ráðningu í starf eru skilgreindar kröfur um viðeigandi menntun og reynslu og lagt mat á færni sem fram kemur í ferilskrá viðkomandi. Leitast er við að senda aðila í persónuleikapróf og hæfnismat eftir því sem við á ásamt því að kanna umsagnir meðmælenda. Fyrir upphaf starfstíma skulu aðilar skila inn staðfestingu á menntun og sakavottorði.

Mynd 12. - Laun og hlunnindi forstjóra, lykilstjórnenda og stjórnar samstæðunnar (í þús.kr.)

	2017		2016	
	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð
Erna Gísladóttir, stjórnarformaður	7.800	722	6.900	570
Tómas Kristjánsson, stjórnarmaður	3.900	361	3.525	291
Heimir V. Haraldsson, stjórnarmaður	3.900	361	3.525	291
Hjördís E. Harðardóttir, stjórnarmaður	3.900	361	3.525	291
Ingi Jóhann Guðmundsson, stjórnarmaður	3.900	361	3.525	291
Hermann Björnsson, forstjóri	49.831	7.421	46.926	6.424
Þrjár framkvæmdastjórnar (5 árið 2016)*	118.008	16.846	139.744	18.828

\*Þrjár framkvæmdastjórnar Sjóvá (hluta ársins voru þeir fjórir), þar af er einn líka framkvæmdastjóri Sjóvá Líf

## B.2.2 Lýsing á ferli til að meta hæfi og hæfni

Auk fyrrnefndra krafna í B.2.1 hefur Sjóvá sett fram hæfismat fyrir ábyrgðarmenn lykilstarfssviða sem byggir í grunninn á sömu efnisþáttum og teknir eru fyrir í mati FME á hæfi forstjóra váttryggingafélaga. Er tilgangur hæfismatsins jafnframt sá hinn sami, þ.e. að kanna þekkingu, skilning og viðhorf til helstu efnisatriða sem tengjast starfssviði viðkomandi lykilstarfsmanns. FME metur hæfi forstjóra og stjórnarmanna. Árlegt mat er framkvæmt á hæfi forstjóra og formanna stjórna af hálfu stjórna. Stjórnir framkvæma árlega mat á eigin störfum

## B.3 Áhættustýring og eigið gjaldþols- og áhættumat

### B.3.1 Áhættustýringarkerfi félagsins

Áhættustefna lýsir umgjörð samhæfðrar áhættustýringar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., móðurfélaginu og hjá dótturfélaginu Sjóvá-Almennum líftryggingum hf. Áhættustefnan var sett saman í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Stefnan er rýnd árlega og var núverandi stefna samþykkt af stjórn í desember 2017. Samhæfð áhættustýring er einn af grunnþáttum í stjórnkerfi og felur í sér sjálfsmat á öllum fyrisjáanlegum áhættum starfseminnar. Samhæfð áhættustýring er höfð til grundvallar í skipulagi og ákvarðanatöku og hefur verklag verið innleitt til að greina, mæla og draga úr og/eða dreifa áhættum sem steðja geta að í rekstri með það að markmiði að vernda félögin, viðskiptavinum og váttryggða.

Áhættustýring nær yfir þá áhættuþætti sem notaðir eru við útreikning á gjaldþolskröfu; váttryggingaráhættu, áhættu við eigna- og skuldastýringu, markaðsáhættu, lausafjáraáhættu, samþjöppunaráhættu, rekstraráhættu, eiginfjáraáhættu og áhættu vegna mótaðila og endurtryggingaverndar. Sjóvá hefur skilgreint ábyrgðaraðila og áhættumælikvarða fyrir einstaka áhættuþætti ásamt áhættuvilja og þolmörk fyrir mælikvarðana. Samstæðan notast við staðalreglu við útreikning gjaldþolskröfu og hefur ekki komið sér upp eigin- eða hlutalíkani.

Áhættustjóri og tryggingastærðfræðingur hafa eftirlit með Solvency II tilskipuninni í Sjóvá. Áhættustjóri leiðir áhættustýringu og hefur eftirlit með samhæfðri áhættustýringu og áhættumælingum og að unnið sé í samræmi við áhættustefnu. Hann ber einnig ábyrgð á skýrslugjöf til stjórnar varðandi áhættustýringu. Þá ber áhættustjóri ábyrgð á eigin áhættu- og gjaldþolsmati (ORSA). Forstöðumaður gæða- og öryggismála leiðir og hefur eftirlit með að framkvæmdar séu áhættugreiningar á öllum þáttum í starfseminni sem rýndar eru árlega og að framkvæmdar séu innri úttektir á vinnubrögðum og verklagi.

Áhættu- og öryggisnefnd endurskoðar reglulega uppbyggingu áhættustýringar, yfirfer helstu áhættur með ábyrgðaraðilum og tekur ákvörðun um umfang endurtryggingaverndar.

Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu fjárfestingastefnu en hún rammur inn þær fjárheimildir sem stjórn hefur sett. Ársfjórðungslega er lagt mat á gjaldþol en oftar ef þörf krefur. Í reglum um fjárfestingastarfsemi og fjárfestingarstefnu er skilgreint í hvaða tilfellum það er.

Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu fjárfestingastefnu en hún rammur inn þær fjárheimildir sem stjórn hefur sett. Ársfjórðungslega er lagt mat á gjaldþol en oftar ef þörf krefur. Í reglum um fjárfestingastarfsemi og fjárfestingastefnu er skilgreint í hvaða tilfellum það er.

Sjóvá hefur komið upp verklagi sem tryggir að stjórnendur og starfsmenn fái þjálfun í að þekkja áhættur sem geta haft áhrif á rekstur, viðskiptavinum og váttryggða. Þetta verklag segir jafnframt til um hvernig skuli tilkynna, skrá, meta, mæla, stýra og/eða milda þær áhættur sem um ræðir.

### B.3.2 Eigið áhættu- og gjaldþolsmat

Að minnsta kosti árlega er framkvæmt eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) til að meta virkni áhættustýringar og gjaldþolskröfu, bæði núverandi sem og sýn til framtíðar. Matið er einnig framkvæmt við stórfelldar breytingar eða þegar nýjar áhættur yfir ákveðnu umfangi greinast eða skapast í rekstri eða starfsemi. Í fjárfestingareglum kemur fram að fari gjaldþolsmálfall undir skilgreindan áhættuvilja stjórnar þá skuli fara fram nýtt áhættu- og gjaldþolsmat.

Í tengslum við gerð rekstraráætlunar er stillt upp efnahagsreikningi sem að lýsir sýn Sjóvá til þriggja ára. Niðurstaðan er kynnt stjórn til samþykktar og liggur því til grundvallar stefnumótun. Stjórn og framkvæmdastjórn koma að yfirferð og mati á stærstu áhættum og er markvisst unnið að því að tilgreina, meta og mæla þær áhættur sem félagið samþykkir.

Gjaldþolskröfur Sjóvá og Sjóvá lífs eru reiknaðar samkvæmt svokallaðri staðalreglu sem gefin er út af EIOPA (European Insurance and Occupational Pension Authority) og leggur mat á hve vel reglan á við starfsemi og áhættusnið. Markmiðið er að leggja mat á hvort reiknað heildargjaldþol sé nægilegt miðað við undirliggjandi áhættur. Á heildina litið telur Sjóvá staðalregluna lýsandi fyrir áhættusnið samstæðunnar þó ákveðnir þættir séu kannaðir sérstaklega. Í eigin áhættu- og gjaldþolsmati eru þeir þættir útlistaðir og eigið mat á gjaldþolskröfunni birt. Sjóvá metur niðurstöðu beggja útreikninga en styðst við niðurstöður staðalreglunnar. Heimilt er skv. 104. gr. laga nr. 100/2016 að nota eigið líkan telji Sjóvá áhættusnið víkja verulega frá staðalreglunni. Ekki eru áform hjá Sjóvá að sækja um eigið líkan.

## B.4 Innra eftirlit hjá Sjóvá og regluvarsla

### B.4.1 Innra eftirlitskerfi

Innra eftirlitskerfi Sjóvá er ferli sem mótað er af stjórn, stjórnendum og starfsmönnum. Komið hefur verið á virku innra eftirlitskerfi sem á að tryggja að Sjóvá nái settum markmiðum sínum, bæði fjárhags- og stjórnunarlegum, að veittar séu réttar og áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og að starfað sé í samræmi við lög, reglugerðir og innri reglur. Eftirlitskerfið byggir meðal annars á skráningu og meðhöndlun á áhættum, ábendingum, áhættugreiningum, sem og athugasemdum innri úttekta, endurskoðenda og annarra eftirlitsaðila.

Endurskoðunarnefndir hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlitsins. Innri endurskoðendur framkvæma endurskoðun og úttektir til að tryggja hæfilega vissu um að Sjóvá nái árangri og skilvirkni í starfseminni. Innri úttektir eru framkvæmdar af starfsmönnum sem hafa fengið sérstaka þjálfun til þess. Tilgangur innri úttekta er að sannreyna hvort að unnið sé eftir skráðum stefnum, reglum og verkferlum.

### B.4.2 Regluvarsla

Regluvörður er skipaður af stjórn og hefur hann eftirlit með skráningu innherja og að reglum um viðskipti þeirra og skráningu sé fylgt. Hann hefur eftirlit með breytingum á almennum lögum og reglum er varðar starfsemina og hlítinu við þær. Mótud og innleidd hefur verið hlítin reglulega og hlítin gætt.

## B.5 Starfssvið innri endurskoðanda

Stjórnir Sjóvá og Sjóvár lífs ráða innri endurskoðanda en endurskoðunarnefndir meta óhæði hans og hafa eftirlit með störfum hans. Árlega leggur innri endurskoðandi fram endurskoðunaráætlun til samþykktar af endurskoðunarnefndum og stjórnun en áætlunin er hluti af þriggja ára endurskoðunaráætlun. Innri endurskoðandi hefur ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfsemi Sjóvá sem tryggir að hann nái markmiðum endurskoðunar. Innri endurskoðandi hefur samskipti við ytri endurskoðun og fær ytri endurskoðandi aðgang að skýrslum innri endurskoðanda þegar niðurstöður liggja fyrir. Helstu verkefni innri endurskoðunar er að greina og meta hvort eftirlitsferlar eða -kerfi séu viðeigandi og skilvirk. Skýrslur innri endurskoðanda eru kynntar stjórnendum, afhentar og kynntar endurskoðunarnefndum til umsagnar áður en þær eru kynntar stjórnun. Innri endurskoðandi fundar reglulega með forstjóra, framkvæmdastjóra Sjóvár lífs, endurskoðunarnefndum og stjórnun. Árlega er haldinn sérstakur fundur þar sem stjórn, endurskoðunarnefnd og ytri og innri endurskoðendur fjalla um innra eftirlit og áhættustýringu.

Innri endurskoðandi Helga Harðardóttir löggildur endurskoðandi hjá KPMG starfaði þar til í mars 2018 en valferli nýs innri endurskoðanda er yfirstandandi.

## B.6 Starfssvið tryggingastærðfræðings

Tryggingastærðfræðingur er forstöðumaður trygginga og tölfraðigreiningar hjá Sjóvá og leiðir starfssvið tryggingastærðfræðings eininguna. Helstu verkefni sviðsins eru útreikningur vátryggingaskuldar, útreikningur á gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni, gæði gagna, skýrsluskil til FME, afkomugreiningar og iðgjaldaskrár, aðkoma að eigin- áhættu og gjaldþolsmati í samvinnu við áhættustjóra auk þess að gefa álit á áhættutöku og endurtryggingavernd.

## B.7 Útvistun

Sjóvá útvistar rekstrar- og þróunarverkefnum, sem og vinnslu upplýsinga að hluta eða öllu leyti ef það er talið leiða til eins eða fleiri eftirtalinna þátta: minni áhættu, aukins öryggis, lægri kostnaðar og/ eða aukinna afkasta.

Framkvæmdar eru áhættugreiningar fyrir þau verkefni sem til stendur að útvista til að tryggja að ávallt sé tekið tillit til áhættustefnu, verkferla, laga, reglna og annarra viðmiða svo og tilmæla FME.

Sjóvá tryggir að ávallt sé fyrir hendi næg yfirsýn vegna þeirra verkefna sem útvistað er á hverjum tíma svo að virkt eftirlit sé til staðar með útvistun.

Sjóvá telur að stjórnkerfið sé virkt og fullnægjandi og er það mat í samræmi við niðurstöður innri úttekta sem framkvæmdar eru reglulega sem og árlegra úttekta innri og ytri endurskoðanda.

Eftirfarandi verkefnum hefur verið útvistað: innri endurskoðun, hýsingu og grunnrekstri upplýsingakerfa, reglulegum öryggisúttektum á ytra neti og milliinnheimtu vanskilakrafna.

## B.8 Aðrar upplýsingar um stjórnkerfi


Ekki er um aðrar veigamiklar upplýsingar um stjórnkerfi að ræða en þær sem fram koma í köflum B.1-B.7.

## C Áhættusnið

### Samantekt áhættusniðs


Sjóvá mælir áhættu félagsins með gjaldþolskröfu, SCR, samkvæmt staðalreglu Solvency II. Niðurbrot gjaldþolskröfunnar miðað við árslok 2017 sést á mynd 13 en krafan skiptist niður í grunn gjaldþolskröfu, BSCR, sem skýrir 94% gjaldþolskröfunnar og rekstraráhættu sem skýrir 6% kröfunnar.

Mynd 13. Staðalregla SCR, m.v. 31.12.2017



Til að glöggva sig betur á áhættu félagsins er vert að brjóta grunn gjaldþolskröfuna niður en niðurbrot hennar sést á mynd 14.

Mynd 14. Niðurbrot staðalreglu SCR, mv. 31.12.2017



Vátryggingaáhætta er tengd þeim vátryggingalegu skuldbindingum sem félagið hefur undirgengist og skýrir hún 51% af áhættunni. En nánara niðurbrot Vátryggingaáhættu er brotin niður í skaða-, heilsu- og líftryggingaáhættu eins og er skýrt er í kafla C.1. Markaðsáhætta vegna eigna sem mæta skulu vátryggingaskuldbindingum og öðrum eignum skýrir 43% af áhættu félagsins og er niðurbrot markaðsáhættu sýnt í kafla C.2. Mótaðilaáhætta nær til endurtrygginga, innstæðna í bankastofnunum og viðskiptakrafna og er hlutfallslega lág, eða 6% af áhættu félagsins.

### C.1 Vátryggingaáhætta

#### C.1.1 Skilgreining

Sjóvá hefur skilgreint vátryggingaáhættu sem áhættuna á tapi eða ófyrirséðri breytingu á virði vátryggingaskuldbindinga vegna ófullnægjandi verðlagningar eða mats á vátryggingaskuld. Sjóvá hefur skilgreint þrjá megin þætti sem hafa áhrif á vátryggingaáhættu en þeir eru sala vátrygginga og áhættumat, vörubrúun og verðlagning og afgreiðsla tjóna.

#### C.1.2 Mælikvarðar

Áhættumælikvarðar hafa verið skilgreindir til að mæla vátryggingaáhættu, t.a.m. tjónshlutfall, tjónatíðni, þróun meðaliðgjalda og brottfall. Þá fer fram áhættumat við töku trygginga, mismunandi eftir eðli og umfangi vátryggingategunda. Í verðstefnu einstakra

vátryggingategunda kemur fram hvert iðgjald þurfi að vera til að ná markmiði um afkomu einstakra vátryggingaflokka. Tjónaskuld er endurskoðuð reglulega og mat hennar borið saman við rauntjón. Álagspróf eru unnin í tengslum við eigið áhættu- og gjaldþolsmat, sem og oftast ef þörf er á.


### C.1.3 Veigamiklar áhættur

Stærstu vátryggingaáhættur sem Sjóvá er útsett fyrir tengjast óvæntum auknum tjónþunga eða aukinni tjónatíðni, sökum t.a.m. slæms tíðarfars og/eda óveðurs sem núverandi endurtryggingavernd næði ekki utan um.

### C.1.4 Áhætta samkvæmt staðalreglu SII

Vátryggingaáhætta í árslok 2017 skýrir 51% af áhættu félagsins og hefur minnkað hlutfallslega milli ára en í árslok 2016 var hlutfall vátryggingaáhættu 55% af áhættu félagsins. Áhætta vegna skaðatrygginga skýrir 76% af vátryggingaáhættu en 24% áhættunnar er áhætta tengd líf- og heilsutryggingum. Áhætta félagsins vegna heilsutrygginga hefur lækkað umtalsvert milli ára, eða úr 27% í 18%, og skýrist það af aukinni endurtryggingavernd í heilsutryggingum til að minnka áhættu félagsins.

Mynd 15. Niðurbrot vátryggingaáhættu (31.12.17)



## C.2 Markaðsáhætta

### C.2.1 Skilgreining

Sjóvá hefur skilgreint markaðsáhættu sem áhættuna á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjáreignum, öðrum en þeim sem nýttar eru í áhættuvarnir. Markaðsáhætta getur stafað af tapi eða ófyrirséðum breytingum á virði fjáreigna sökum markaðssveiflna eða óvæntra áfalla sem ekki er hægt að takmarka með dreifingu eignasafns eða öðrum vörnum.

### C.2.2 Mælikvarðar

Áhættumælikvarðar hafa verið skilgreindir til að mæla markaðs-áhættu, t.a.m. lengd eignasafns, verðtryggingahlutfall og samanburð á ávöxtun eignaflokka við samanburðarsjóði. Álagspróf eru unnin í tengslum við eigið áhættu- og gjaldþolsmat, sem og oftast ef þörf er á.

### C.2.3 Veigamiklar áhættur


Stærsta markaðsáhættan sem Sjóvá er útsett fyrir tengist stóru markaðsáfalli, s.s. mikilli óvæntri lækun innlendra hlutabréfa og/ eða skuldabréfa. Þá hefði gjaldþrot stórs mótaðila í fjárfestingum markverð áhrif á afkomu fjárfestingastarfseminnar.

### C.2.4 Áhætta samkvæmt staðalreglu SII

Markaðsáhætta í árslok 2017 skýrir 43% af áhættu félagsins og hefur hækkað milli ára. Hlutfallslega var hún 38% af áhættu félagsins í árslok 2016. Skipting markaðsáhættu úr indirflokka er nokkuð sambærileg milli ára, en helsta breytingin snýr að því að hlutabréfaáhætta aukist en vaxtaáhætta lækkað sökum breytinga sem hafa orðið á eignasafni félagsins. Hlutabréfaáhætta er lang-

samlega stærst og skýrir 65% af markaðsáhættunni og hækkar milli ára en hún var 60% markaðsáhættunnar í árslok 2016. Samþjöppunaráhætta skýrir 23% áhættunnar og er nokkuð sambærileg milli ára. Smæð íslenska markaðarins gerir þessa áhættu óhjákvæmilega meiri hjá íslenskum félögum en sambærilegum félögum í öðrum Evrópulöndum.

Mynd 16. Niðurbrot markaðsáhættu (31.12.17)



### C.2.5 Varfærnisregla

Samstæðan uppfyllir varfærnisregluna með settum fjárfestingastefnum og -reglum og verklagi sem lýtur að eftirliti og framkvæmd fjárfestingastefnu annars vegar fyrir móðurfélagið og hins vegar fyrir líftryggingafélagið. Unnið er að því að uppfæra fjárfestingastefnu félaganna til þess að þær taki mið af reglugerð um vátryggingastarfsemi nr. 585/2017. Fjárfestingastefnunum er skipt í tvennt, annars vegar í eignir til jöfnunar á eigin tjónaskuld og hins vegar á móti eiginfé félaganna. Markmið stefnanna um eignir er að félögin eigi traustar og seljanlegar eignir á móti eigin tjónaskuld og fjárfestingar annarra eigna félaganna taki mið af áhættuvilja stjórnar og fjármagnsskipan.

Eignir sem notaðar eru til jöfnunar á eigin tjónaskuld eru allar í íslenskum krónum og í vörslu á Íslandi. Samkvæmt fjárfestingastefnu skulu félögin eiga ákveðið lágmark í ríkisskuldabréfum til að mæta eigin tjónaskuld. Líftími eigna til jöfnunar eigin tjónaskuldar félaganna m.v. 31.12.2017 er lítillega hærra en skuldbindinga þeirra, hins vegar er virkur markaður með nær allar eignir félaganna og djúpar viðskiptavaktir með stóran hluta þeirra og því auðvelt að breyta þeim í reiðufé með litlum fyrirvara ef þurfa þykir. Eignir eru nánast allar skráðar á verðbréfamarkað og þar er þeirra aflað að undangenginni athugun á hlutfallslegri áhættu og ávöxtun. Að því gefnu að ekki sé um stórfelldar misfellur að ræða í verðlagningu skráðra verðbréfa þá ætti ávöxtunin að vera ásættanleg miðað við áhættu hverju sinni. Áhættan er síðan ákvörðuð með heimildum í fjárfestingastefnu um fjárfestingar í mismunandi eignaflokkum.

Fyrir aðrar eignir er varfærnisreglan uppfyllt með fjárfestingastefnu sem leggur áherslu á traustar og seljanlegar eignir. Eignir sem ekki eru skráðar á reglulegan verðbréfamarkað geta að hámarki verið 30% af öðrum eignum móðurfélagsins en engar slíkar fjárfestingar eru heimilaðar af öðrum eignum líftryggingafélagsins. Starfsmenn hafa ekki heimild til að fjárfesta í óskráðum eignum nema að fengnu samþykki fjárfestingaráðs eða stjórnar.

Félögin setja sér markmið um lágmarkshlutfall auðseljanlegra eigna á hverjum tíma.

### C.3 Kröfuáhætta

#### C.3.1 Skilgreining

Sjóvá hefur skilgreint mótaðilaáhættu vegna fjárfestinga sem áhættu á tapi eða ófyrirséðri breytingu á gjaldþolskröfu vegna gjaldþrots eða sveiflna í lánshæfismati mótaðila. Sjóvá hefur skilgreint mótaðilaáhættu vegna endurtrygginga sem áhættuna á að fjárhagslegur styrkur endurtryggjenda sé ekki nægur til að standa við skuldbindingar.

Sjóvá hefur skilgreint samþjöppunaráhættu sem áhættuna á að of mikil samþjöppun í váttryggingastofni eða eignasafni útsetji félagið fyrir óhóflegri áhættu. Áhættan getur verið fólgin í mismunandi fjármálagerningum og váttryggingasamningum á sama aðila eða aðila sem eru með samleita áhættu.

Sjóvá hefur skilgreint vikáhættu sem þá áhættu sem felst í því að skuldaviðurkenningar sem félagið á lækki í verði vegna lækkunar lánshæfis skuldara.

#### C.3.2 Mælikvarðar

Helsti mælikvarði kröfuáhættu er lánshæfismati mótaðila og fer val mótaðila eftir því. Álagspróf eru unnin í tengslum við eigið áhættu- og gjaldþolsmat, sem og oftast ef þörf er á.

#### C.3.3 Veigamiklar áhættur

Stærstu kröfuáhættur sem Sjóvá er útsett fyrir er lækkun á lánshæfismati banka sem hefði bein áhrif á gjaldþolskröfu. Sjóvá notar endurtryggingavernd til áhættuvarna og semur aðeins við endurtryggjendur með hátt lánshæfismati til að tryggja að enginn einn einstakur tjónsatburður geti sett fjárhagslegan styrkleika í hættu. Ef frá er talið stórt hlutabréfaáfall sem nefnt er í markaðsáhættukaflanum er það mat Sjóvár að enginn einn viðskiptavinur/mótaðili geti sett fjárhagslegan styrkleika í hættu.

Vikáhættu í fjárfestingum er haldið innan hóflegra marka að mati félagsins með heimildum til fjárfestinga í skuldabréfum sem ekki eru með ríkisábyrgð í fjárfestingastefnu. Vikáhætta er lítil hluti af markaðsáhættu félagsins og skýrist að mestu af vikáhættu vegna sértrygðra skuldabréfa sem talin eru áhættulítill.

#### C.3.4 Áhætta samkvæmt staðalreglu SII

Mótaðilaáhætta í árslok 2017 skýrir 6% af áhættu félagsins. Staðalregla nær til endurtrygginga, innstæðna í bankastofnunum og viðskiptakrafna en vikáhætta er samkvæmt reglunni skilgreind sem hluti af markaðsáhættu, eins og fjallað er um í kafla C.2.

### C.4 Lausafjáraáhætta

#### C.4.1 Skilgreining

Sjóvá skilgreinir lausafjáraáhættu sem áhættuna á að félagið hafi ekki yfir tiltækum fjármunum að ráða eða geti selt eignir í tæka tíð til að mæta skuldbindingum þegar við á. Lausafjáraáhætta er annars vegar í tengslum við innstæður sem skilgreindar eru til daglegs rekstrar og hins vegar í tengslum við seljanleika fjárfestinga.

Lausafjáraáhrif félagsins í tengslum við innstæður miðar að því að tryggja fullnægjandi lausafé til þess að standa undir rekstri og tjónum hvers mánaðar og tryggja fullnægjandi ávöxtun þess fjármagns sem umfram er. Stór óvæntur tjónsatburður eða óvænt aukin tjónatíðni á stuttum tíma getur aukið lausafjáraþörf.

#### C.4.2 Mælikvarðar

Daglegar áætlanir eru til um inn- og útgreiðslur og skilgreindir hafa verið áhættumælikvarðar varðandi lausafjáraáhættu.

#### C.4.3 Veigamiklar áhættur

Sjóvá er ekki útsett fyrir mikilli lausafjáraáhættu sökum þess hve stór hluti eignasafnsins er í auðseljanlegum eignum. Þá eru ákvæði í endurtryggingasamningum um tímamörk greiðslu þess hluta tjóna sem fellur á endurtryggjendur. Þessi ákvæði draga verulega úr lausafjáraáhættu Sjóvár.

#### C.4.4 Áhætta samkvæmt staðalreglu SII

Lausafjáraáhætta er ekki skilgreind innan staðalreglu Solvency II.

### C.5 Rekstraráhætta

#### C.5.1 Skilgreining

Sjóvá skilgreinir rekstraráhættu sem áhættu vegna ófullnægjandi eða gallaðra kerfa, vegna starfsmanna eða annarra innri eða ytri þátta sem leitt geta til fjárhagslegs taps eða verulegra rekstrartruflana. Rekstraráhætta Sjóvár er samsett úr nokkrum þáttum; þ.e. stefnumótunaráhættu, starfsmannaáhættu, áhættu sem skapast vegna upplýsingakerfa eða upplýsingaleka, lagalegrar áhættu og orðsporsáhættu.

#### C.5.2 Mælikvarðar

Áhættumælikvarðar hafa verið skilgreindir til að mæla helstu áhættur sem skilgreindar eru hér að ofan, þ.m.t. frávik frá viðskiptaáætlun, fjölda alvarlegra rekstrarfrávika og uppítími lykilerfa. Álagspróf eru unnin í tengslum við eigið áhættu- og gjaldþolsmat, og oftast ef þörf er á.

#### C.5.3 Veigamiklar áhættur

Stærstu rekstraráhættur Sjóvár tengjast ófyrirséðum tölvuinnbrotum eða bilunum sem og áhættu í daglegum rekstri. Sjóvá hefur lágmarkað áhættuna með ýmsum hætti, t.a.m. með því að hafa skráð verklag skýrt, frávikaskráningu og með úttektum innri og ytri aðila. Sjóvá hlaut vottun árið 2014 á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum.

#### C.5.4 Áhætta samkvæmt staðalreglu SII

Rekstraráhætta er ekki hluti af grunngjaldþolskröfunni heldur gjaldþolskröfu SCR, líkt og fram kemur í samantekinni hér að ofan. Rekstraráhætta skýrir 6% af gjaldþolskröfu samkvæmt staðalreglu.

### C.6 Aðrar áhættur

Öll svið félagsins framkvæma reglulegar áhættugreiningar þar sem farið er yfir helstu áhættur sviðsins, þær greindar, metnar og skoðað hvað gert er til að draga úr því að þær verði virkar.

#### C.6.1 Skilgreining

Sjóvá hefur skilgreint eiginfjáraáhættu sem áhættunni á að magn og gæði eiginfjár sé ekki nægilegt til þess að mæta skuldbindingum og ófyrirséðum áföllum. Stjórnir Sjóvár og Sjóvár lífs setja sér stefnu um áhættuvilja fyrir gjaldþolslutföll samkvæmt staðalreglu Solvency II.

#### C.6.2 Mælikvarðar

Gjaldþolslutfall samkvæmt staðalreglu er reiknað í það minnsta ársfjórðungslega. Í það minnsta árlega er eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) framkvæmt en þar er meðal annars lagt eigið mat á heildargjaldþolsþörf. Álagspróf eru eftir atvikum unnin við ársfjórðungsuppgjör og í tengslum við eigið áhættu- og gjaldþolsmat.

#### C.6.3 Veigamiklar áhættur

Sjóvá er fullfjármagnað með eigin fé. Allir gjaldþolsliðir sem mæta eiga gjaldþolskröfu flokkast í eiginfjáraþátt 1. Á það einnig við um aðra viðurkennda kjarnaefnifjárliði sem mæta eiga kröfu um

lágmarksfjármagn. Eina undantekning þar á er í þeim tilfellum sem um skatteign er að ræða en hún fellur ekki undir eiginfjárbátt 1. Fjárhæð skatteignar er alla jafna óveruleg. Sjóvá er ekki útsett fyrir mikilli eiginfjárahættu.

#### C.6.4 Áhætta samkvæmt staðalreglu SII

Aðrar áhættur en þær sem koma fram í C.1.-C.5 eru ekki skilgreindar innan staðalreglu Solvency II.

## D Mat á gjaldþolsstöðu

### D.1 Eignir

Sjóvá samstæðan styðst einvörðungu við markaðsverð eða mat utanaðkomandi aðila á eignum. Engin innri verðmöt eru notuð við mat eigna.

Fyrir öll skráð hlutabréf og skuldabréf er notast við markaðsvirði/dagslokagengi í kauphöll. Fyrir öll óskráð hlutabréf er notað mat umsjónaraðila eignanna á virði þeirra og/eða stuðst við verð í viðskiptum ótengdra aðila. Fyrir óskráð skuldabréf er notast við uppreiknað verð út frá kaupkröfu sem reiknað er af vörsluáðila bréfanna.

Enginn munur er á virði eigna í reikningsskilum og virði þeirra sem notað er við mat á gjaldþolsstöðu þó munur geti verið á innbyrðis flokkun.

**Óefnislegar eignir:** Hér er um að ræða hugbúnað sem bókfærðist í árslok 2016 sem 44.684 m.kr en afskriftir á árinu námu kr. 27.845. Óefnislegar eignir teljast ekki til eigna í Solvency II.

**Viðskiptavild:** Viðskiptavild samstæðunnar er vegna kaupa á líftryggingarekstri hennar. Viðskiptavild telst ekki til eigna í Solvency II.

Virði eigna í fjárfestingum er í heildina það sama í IFRS og Solvency II þó flokkun geti verið mismunandi.

Eigin hlutabréf koma fram í eignahlíð efnahagsreiknings í Solvency II en er síðan dregið frá í kjarnagjaldþoli.

Ekki stendur til að breyta matsaðferðum á eignum.

### D.2 Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld samanstendur af tjónaskuld, iðgjaldaskuld og ágóðaskuld. Samkvæmt reglum Solvency II skal núvirða vátryggingaskuldina og styðjast við vaxtaferil sem gefinn er út af EIOPA (European Insurance and Occupational Pensions Authority). Tjónaskuldin er stærstur hluti vátryggingaskuldarinnar og ber að reikna hana þannig að hún skuli vera nægileg að meðaltali (e. Best Estimate) til að standa undir tjónum þeim sem tilheyra liðnu tímabili. Aðferðin byggir á því að meta vænt gildi eða meðaltal (líkindafræðilegt vegið meðaltal) á núvirtu greiðslufæði fyrir núverandi skuldbindingar, dreift yfir uppgjörstímabil samningsins. Auk besta mats er reiknað áhættuálag sem er sú fjárhæð sem ásamt besta mati er ætlað að tryggja að vátryggingaskuld samsvari þeirri fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur vátryggingafélög áskilji við að taka að sér og standa við þær skuldbindingar sem vátryggingaskuld er ætlað að mæta. Áhættuálag er skilgreint sem sá fjármagnskostnaður við að leggja til eigið fé til jafns við þá gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir vátryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra. Í árslok var það 870 milljónir og er hluti af tjónaskuld. Þá skal áætla uppgjörskostnað sem ákveðið álag á skuldina en það er sá kostnaður sem þarf til að gera upp þau tjón sem áætlað er fyrir í tjónaskuldinni.

Mynd 17. – Efnahagsreikningur 31.12.2017


Eignir	Solvency II	IFRS
Óefnislegar eignir		18.172
Viðskiptavild		243.578
Rekstrarfjármunir	522.154	522.154
Skatteign	18.047	18.047
Fjárfestingar		
Ríkistryggt verðbréf	12.631.323	13.126.336
Fyrirtækjaskuldabréf	5.242.416	5.677.170
Skráð hlutabréf	8.281.758	8.281.758
Óskráð hlutabréf	1.558.640	2.294.019
Sjóðir	4.352.842	2.627.132
Handbært fé	890.263	950.835
Hlutdeildarsjóðir með ábyrgða líftryggingataka	4.029.737	4.029.728
Endurtryggingaeignir	792.033	792.033
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	4.783.993	4.783.993
Eigin bréf	1.399.771	0
<b>Samtals</b>	<b>44.502.976</b>	<b>43.364.955</b>

SKULDIR	Solvency II	IFRS
Vátryggingaskuld	22.313.978	22.469.447
Hlutdeildarsjóðir með ábyrgða líftryggingataka	4.029.728	4.029.728
Skattur til greiðslur	346.843	346.843
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.312.573	1.312.573
<b>Samtals</b>	<b>28.003.122</b>	<b>28.158.591</b>
<b>EIGNIR UMFRAM SKULDIR</b>	<b>16.499.854</b>	<b>15.206.364</b>

Vátryggingaskuld Sjóvár í árslok 2017 er 22,5 ma.kr. en var kr. 20,9 ma.kr. í árslok 2016. Skipting kemur fram í eftirfarandi töflu, (í þús. kr.):

Í iðgjaldaskuld IFRS er sá hluti iðgjalda færður sem búið er að bókfæra en iðgjöldin gilda fyrir vátryggingatímabil sem ekki er hafið

Mynd 18. Vátryggingaskuld IFRS (í þús.kr.), 2016 og 2017



á uppgjörstigi. Iðgjaldaskuld í Solvency II er besta mat áætlaðs greiðslufæðis vegna þeirra skuldbindinga sem félagið hefur gert við vátryggingataka um áramót fyrir þann tíma sem ekki er hafið á uppgjörstigi og núvirði þess reiknað. Stuðst er við áætlað samsett hlutfall eftir greinaflokkum. Munur á milli uppgjörsaðferða kemur fram í töflu hér að neðan.

Ágóðahlutdeild er sá hluti iðgjalda sem áætlað er að muni greiðast til baka til tjónlausra viðskiptavina en það er hluti af vildarkerfi Sjóvár.


Mat á tjónaskuld byggir á matsreglum samkvæmt gjaldþolsreglum Solvency II. Aðferðin byggir á því að meta vænt gildi á núvirtu greiðslufæði fyrir núverandi skuldbindingar. Við útreikning á vænta gildinu er tekið tillit til markaðs- og tryggingafræðilegra upplýsinga sem eru fáanlegar á þeim tíma sem matið á sér stað. Vænta gildið er kallað besta mat. Tjónaskuldin er samtala besta mats skuldbindinga ásamt áhættuálagi. Enginn munur er á þessu virði vátryggingaskuldar og þeirrar sem birtist í ársreikningi.

Mynd 19. Vátryggingaskuld IFRS og Solvency II (í þús.kr.), 31.12. 2017

Vátrygginga skuld	Solvency II	IFRS	Mismunur
Tjónaskuld	15.082.989	15.082.989	
Iðgjaldaskuld	5.901.961	6.057.430	-155.469
Ágóðahlutdeild	458.039	458.039	
Áhættuálag	870.990	870.990	
<b>Samtals</b>	<b>22.313.979</b>	<b>22.469.447</b>	<b>-155.469</b>

Við útreikning á tjónaskuld er safninu skipt í einsleita áhættuflokka sem eru samkvæmt Solvency II flokkun sem FÍT (Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga) gaf út og er tjónaskuld reiknuð fyrir hvern flokk fyrir sig. Tjónaskuld helstu flokkanna og áhættuálags í árslok 2016 og 2017 sjást í mynd 20.

Mynd 20. Tjónaskuld (í þús.kr.) í árslok 2016 og 2017




Tjónaskuldin hefur hækkað lítillega á milli ára í flestum greinaflokkum. Í ökutækjatrýggingum er það í samræmi við vöxt á stofni en í eignatrýggingum má rekja vöxtinn að mestu til brunatjóns á árinu 2017.

Helsta óvissa í tjónaskuld er að einstök tjón þróist öðru vísi en fyrri útreikningar gerðu ráð fyrir. Þá getur alltaf verið ákveðin óvissa í áætlun stærri einstakra tjóna sem áhrif hefur á þróun tjónaskuldarinnar. Þá er áætluð verðbólga í væntu greiðslufæði sem getur þróast öðruvísi en áætlað var. Óvissan er þó einna mest í nýjstu tjónstímabilunum sem geta þróast á annan máta en þau ár sem liggja til grundvallar útreikningum og spár um niðurstöður byggja á. Þá er enn töluvert um orðin en ótilkynnt tjón sem geta þróast öðruvísi en sett er í áætlun.

Tjónaskuld í reikningskilum er sú sama og stuðst er við í gjaldþols-útreikningum. Ekki er stuðst við aðlögun vegna óstöðugleika (e. volatility adjustment).

Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld hefur lækkað en þeir hafa greitt hluta af þeim tjónum sem voru í skuld þeirra um áramótin. Þá hefur áætlun einstakra tjóna breyst og hluti endurtryggjenda einnig í þeim tilfellum þar sem reiknað var með þátttöku þeirra í samræmi við gildandi endurtryggingasamninga. Stærsti hluti endurtryggjenda í tjónaskuld er vegna tjóna fyrri ára. Hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld sést á mynd 21.

Mynd 21. Hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld (í þús.kr.), 2016 og 2017



### D.3 Aðrar skuldir

Ekki er um að ræða aðrar skuldir en váttryggingaskuld þar sem gert er sérstakt mat í gjaldþolsstöðu. Virði annarra skulda er það sama og í efnahagsreikningi.

### D.4 Aðrar matsaðferðir

Ekki er notast við aðrar matsaðferðir við mat á gjalþoli en notað er í reikningsskilum og er því ekki um neinn mismun að ræða.

### D.5 Aðrar upplýsingar

Ekki um aðrar veigamiklar upplýsingar að ræða við mat á eignum og skuldum vegna gjaldþolsstöðu en fram hafa komið í köflum D.1-D.4.

Ekki er um að ræða aðrar skuldir en váttryggingaskuld þar sem gert er sérstakt mat í gjaldþolsstöðu. Virði annarra skulda er það sama og í efnahagsreikningi félagsins.

## E Eiginfjárstýring

### E.1 Gjaldþol

Markmið eiginfjárstýringar er að tryggja að ávallt sé nægilegt fé til að mæta gjaldþolskröfu SCR með ásættanlegu öryggisálagi. Gjaldþolskrafa er reiknuð í það minnsta ársfjórðungslega og hafa stjórnir félaganna sett sér áhættuvilja um gjaldþolshlutfall sem stýrt er eftir. Í það minnsta árlega er eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) framkvæmt samhliða því að rekstraráætlun er unnin og sýn til þriggja ára sett fram.

Stjórn Sjóvár, fjárfestinganefnd og fjárfestingaráð hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt samþykktu fjárfestingastefnu. Stjórn Sjóvár lífs hefur eftirlit með að unnið sé samkvæmt samþykktu fjárfestingastefnu þess félags. Tryggingastærðfræðingur sér um útreikning á gjaldþolskröfu og er áhættustjóri ábyrgur fyrir því að stjórn sé upplýst um frávik frá fjárfestingastefnu og niðurstöður útreikninga.

Sjóvá er fullfjármagnað með eigin fé. Gjaldþol samanstendur því eingöngu af eiginfjárbætti 1 (e. tier 1). Við árslok 2017 var heildar eigið fé samkvæmt IFRS áður en tekið er tillit til væntanlegrar arðgreiðslu 15,2 ma.kr. en eigið fé til útreiknings gjaldþols (e. basic own funds) 15,1 ma.kr.

Allir gjaldþolsliðir sem mæta eiga gjaldþolskröfu flokkast í eiginfjárbátt 1. Á það einnig við um aðra viðurkennda kjarnaefnifjárliði sem mæta eiga kröfu um lágmarksfjármagn. Eina undantekning þar á er í þeim tilfellum sem um skatteign er að ræða en hún fellur ekki undir eiginfjárbátt 1. Fjárhæð skatteignar er alla jafna óveruleg.

Enginn veigamikill munur er á eigin fé samkvæmt reikningsskilum og eigna umfram skuldir eins og reiknað er út vegna mats á gjaldþolsstöðu. Sá munur sem fram kemur er viðskiptavild (244 m.kr.) og óefnislegar eignir (18 m.kr.) sem eru hluti eigna í IFRS en eru undanskildir í efnahagsreikningi gjaldþolsútreikninga í Solvency II. Þá er mat á iðgjaldaskuld í Solvency II annað en reiknuð iðgjaldaskuld samkvæmt IFRS eins og fram kom í kafla A.2 hér að ofan.


Engar fjárhæðir kjarnafjárliðar falla undir bráðabirgðaákvæði laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi né er um stuðningsgjaldþolsliði að ræða.

## E.2 Gjaldþols- og lágmarkskrafa eigin fjár


Gjaldþolskrafa Sjóvár var reiknuð m.v. 31. desember 2017. Útreikningur er samkvæmt staðalreglu. Ekki var notast við einfaldanir við útreikningana. Myndir 22 og 23 sýna niðurbrot gjaldþolskröfu myndrænt og þær breytingar sem hafa orðið á milli ára, mynd 24 sýnir þessar sömu upplýsingar tölulega milli ára.

Grunngjaldþolskrafa BSCR hækkar um 2% á milli ára. Hlutfallslega og í krónum talið hefur heilsutryggingaáhætta lækkað mest, eða um 39% og skýrist sú lækkun einna helst af aukinni endurtryggingavernd í heilsutryggingum. Markaðsáhætta hækkar einnig töluvert vegna aukins vægis hlutabréfa í safni milli ára.

Mynd 22. Niðurbrot gjaldþolskröfu í árslok 2017 (í m.kr.)



Mynd 23. Þróun SCR gjaldþolskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2016 og 2017





Mynd 24. Niðurbrot gjaldþolskröfu (í þús. kr.)  
í árslok 2016 og 2017

	31/12/17	31/12/16
<b>Grunngjaldþolskrafa, BSCR</b>	<b>10.105.388</b>	<b>9.919.669</b>
Rekstraráhætta	599.112	556.850
Leiðrétting vegna skattafrestunar	-1.498.630	-1.466.713
<b>Gjaldþolskrafa SCR</b>	<b>9.205.870</b>	<b>9.009.807</b>
Markaðsáhætta	6.207.809	5.587.558
Heilsutryggingaáhætta	1.310.747	2.162.217
Mótaðilaáhætta	802.977	1.015.474
Líftryggingaáhætta	433.541	408.922
Skaðatryggingaáhætta	5.526.948	5.386.828
Fjölbættingaráhrif	-4.176.634	-4.641.329
<b>Grunngjaldþolskrafa, BSCR</b>	<b>10.105.388</b>	<b>9.919.669</b>
<b>Lágmarksfjármagn MCR</b>	<b>3.330.754</b>	<b>3.095.471</b>

### E.3 Notkun á „duration-based equity risk sub-module“

Á ekki við.

### E.4 Mismunur á niðurstöðum staðalreglu og eigin líkans

Sjóvá og Sjóvá líf reikna gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagn eftir staðalreglu og hafa ekki orðið umtalsverðar breytingar á gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni á árinu. Ekki er stuðst við eigin stika í staðalreglu.

### E.5 Krafa um lágmarksfjármagn ekki uppfyllt

Sjóvá og Sjóvá líf uppfylla lágmarksfjármagn MCR og gjaldþolskröfu SCR.

Forsendur arðgreiðslu eru að félagið haldist fjárhagslega sterkt m.a. með tilliti til gjaldþols og hefur stjórn Sjóvár sett sér stefnu um að gjaldþolshlutfall samstæðu sé á bilinu 1,4 til 1,7 til að tryggja að magn eiginfjár sé nægjanlegt til að mæta skuldbindingum og ófyrirséðum áföllum.

### E.6 Aðrar upplýsingar

Ekki er um að ræða aðrar upplýsingar varðandi gjaldþol en þær sem fram koma í köflum E1-E2.

F.h. Sjóvá-Almennra trygginga hf.,



Hermann Björnsson, forstjóri

## Gagnatöflur - Samstæða 2017

S.32.01.22

### Undertakings in the scope of the group

Country	Identification code of the undertaking	Type of code of the ID of the undertakin	Legal name of the undertaking	Type of undertaking	Legal form	Category (mutual/non mutual)	Supervisory Authority	Criteria of influence						Inclusion in the scope of group supervision		Group solvency calculation
								% capital share	% used for the establishment of consolidated accounts	% voting rights	Other criteria	Level of influence	Proportional share used for group solvency calculation	YES/NO	Date of decision if art. 214 is applied	Method used and under method 1, treatment of the undertaking
C0010	C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070	C0080	C0190	C0190	C0200	C0210	C0220	C0230	C0240	C0250	C0260
IS: Iceland	213800R3IXBON2LBEI63	1: LEI	SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF.	2: Non life insurance undertaking	LTD	2: Non-mutual	FME	100%	100%	100%		1: Dominant	0%	1: Included in the scope		1:Method 1:Full consolidation
IS: Iceland	213800FNXCWFBUDMJ97	1: LEI	SJÓVÁ-ALMENNAR LÍFTRYGGINGAR HF	1: Life insurance undertaking	LTD	2: Non-mutual	FME	100%	100%	100%		1: Dominant	0%	1: Included in the scope		1:Method 1:Full consolidation
IS: Iceland	6105070420	2: Specific code	Keira 1 ehf	16: Other	LTD	2: Non-mutual		100%	100%	100%		1: Dominant	0%			1:Method 1:Full consolidation
IS: Iceland	6912063190	2: Specific code	Sjóvá Forvarnahúsið ehf	16: Other	LTD	2: Non-mutual		100%	100%	100%		1: Dominant	0%			1:Method 1:Full consolidation

## Gagnatöflur - Samstæða 2017

S.02.01.02

### Balance sheet

		Solvency II value
<b>Assets</b>		C0010
Intangible assets	R0030	-
Deferred tax assets	R0040	18.047
Pension benefit surplus	R0050	-
Property, plant & equipment held for own use	R0060	522.154
Investments (other than assets held for index-linked and unit-linked contracts)	R0070	32.066.978
Property (other than for own use)	R0080	-
Holdings in related undertakings, including participations	R0090	-
Equities	R0100	9.840.398
Equities — listed	R0110	8.281.758
Equities — unlisted	R0120	1.558.640
Bonds	R0130	17.873.738
Government Bonds	R0140	12.631.323
Corporate Bonds	R0150	5.242.416
Structured notes	R0160	-
Collateralised securities	R0170	-
Collective Investments Undertakings	R0180	4.352.842
Derivatives	R0190	-
Deposits other than cash equivalents	R0200	-
Other investments	R0210	-
Assets held for index-linked and unit-linked contracts	R0220	4.029.737
Loans and mortgages	R0230	-
Loans on policies	R0240	-
Loans and mortgages to individuals	R0250	-
Other loans and mortgages	R0260	-
Reinsurance recoverables from:	R0270	755.751
Non-life and health similar to non-life	R0280	448.782
Non-life excluding health	R0290	448.782
Health similar to non-life	R0300	-
Life and health similar to life, excluding health and index-linked and unit-linked	R0310	306.969
Health similar to life	R0320	287.222
Life excluding health and index-linked and unit-linked	R0330	19.747
Life index-linked and unit-linked	R0340	-
Deposits to cedants	R0350	-
Insurance and intermediaries receivables	R0360	4.783.993
Reinsurance receivables	R0370	36.282
Receivables (trade, not insurance)	R0380	-
Own shares (held directly)	R0390	1.399.771
Amounts due in respect of own fund items or initial fund called up but not yet paid in	R0400	-
Cash and cash equivalents	R0410	890.263
Any other assets, not elsewhere shown	R0420	-
<b>Total assets</b>	R0500	44.502.976
<b>Liabilities</b>		C0010
Technical provisions — non-life	R0510	20.599.548
Technical provisions — non-life (excluding health)	R0520	17.115.273
TP calculated as a whole	R0530	-
Best Estimate	R0540	16.464.861
Risk margin	R0550	650.411
Technical provisions — health (similar to non-life)	R0560	3.484.276
TP calculated as a whole	R0570	-
Best Estimate	R0580	3.326.497
Risk margin	R0590	157.779
Technical provisions — life (excluding index-linked and unit-linked)	R0600	1.256.383
Technical provisions — health (similar to life)	R0610	817.495
TP calculated as a whole	R0620	-
Best Estimate	R0630	766.538
Risk margin	R0640	50.957
Technical provisions — life (excluding health and index-linked and unit-linked)	R0650	438.888
TP calculated as a whole	R0660	-
Best Estimate	R0670	427.046
Risk margin	R0680	11.842
Technical provisions — index-linked and unit-linked	R0690	4.029.737
TP calculated as a whole	R0700	4.029.737
Best Estimate	R0710	-
Risk margin	R0720	-
Contingent liabilities	R0740	-
Provisions other than technical provisions	R0750	458.039
Pension benefit obligations	R0760	-
Deposits from reinsurers	R0770	-
Deferred tax liabilities	R0780	-
Derivatives	R0790	-
Debts owed to credit institutions	R0800	-
Financial liabilities other than debts owed to credit institutions	R0810	-
Insurance & intermediaries payables	R0820	1.312.573
Reinsurance payables	R0830	-
Payables (trade, not insurance)	R0840	-
Subordinated liabilities	R0850	-
Subordinated liabilities not in BOF	R0860	-
Subordinated liabilities in BOF	R0870	-
Any other liabilities, not elsewhere shown	R0880	346.843
<b>Total liabilities</b>	R0900	28.003.124
<b>Excess of assets over liabilities</b>	R1000	16.499.852





## Gagnatöflur - Samstæða 2017

S.05.02.01

### Premiums, claims and expenses by country

	Home Country	Top 5 countries (by amount of gross premiums written) — non-life obligations					Total Top 5 and home country
	C0010	C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070
	<del> </del>						
R0010	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>
	C0080	C0090	C0100	C0110	C0120	C0130	C0140

<b>Premiums written</b>							
Gross — Direct Business	R0110	15.605.321					15.605.321
Gross — Proportional reinsurance accepted	R0120	-					-
Gross — Non-proportional reinsurance accepted	R0130	-					-
Reinsurers' share	R0140	558.139					558.139
Net	R0200	15.047.182					15.047.182
<b>Premiums earned</b>							
Gross — Direct Business	R0210	14.648.353					14.648.353
Gross — Proportional reinsurance accepted	R0220	-					-
Gross — Non-proportional reinsurance accepted	R0230	-					-
Reinsurers' share	R0240	568.697					568.697
Net	R0300	14.079.655					14.079.655
<b>Claims incurred</b>							
Gross — Direct Business	R0310	11.523.759					11.523.759
Gross — Proportional reinsurance accepted	R0320	-					-
Gross — Non-proportional reinsurance accepted	R0330	-674					-674
Reinsurers' share	R0340	93.784					93.784
Net	R0400	11.429.301					11.429.301
<b>Changes in other technical provisions</b>							
Gross — Direct Business	R0410	-					-
Gross — Proportional reinsurance accepted	R0420	-					-
Gross — Non-proportional reinsurance accepted	R0430	-					-
Reinsurers' share	R0440	-					-
Net	R0500	-					-
Expenses incurred	R0550	3.181.636					3.181.636
Other expenses	R1200	234.860					234.860
Total expenses	R1300	3.416.496					3.416.496

	Home Country	Top 5 countries (by amount of gross premiums written) — non-life obligations					Total Top 5 and home country
	C0150	C0160	C0170	C0180	C0190	C0200	C0210
	<del> </del>						
R1400	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>
	C0220	C0230	C0240	C0250	C0260	C0270	C0280

<b>Premiums written</b>							
Gross	R1410	1.797.743					1.797.743
Reinsurers' share	R1420	292.903					292.903
Net	R1500	1.504.840					1.504.840
<b>Premiums earned</b>							
Gross	R1510	1.735.120					1.735.120
Reinsurers' share	R1520	275.809					275.809
Net	R1600	1.459.311					1.459.311
<b>Claims incurred</b>							
Gross	R1610	637.307					637.307
Reinsurers' share	R1620	165.125					165.125
Net	R1700	472.182					472.182
<b>Changes in other technical provisions</b>							
Gross	R1710	-					-
Reinsurers' share	R1720	-					-
Net	R1800	-					-
Expenses incurred	R1900	432.339					432.339
Other expenses	R2500	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	-
Total expenses	R2600	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	<del> </del>	-

## Gagnatöflur - Samstæða 2017

S.23.01.22

### Own funds

		Total	Tier 1 — unrestricted	Tier 1 — restricted	Tier 2	Tier 3
		C0010	C0020	C0030	C0040	C0050
Basic own funds before deduction for participations in other financial sector						
Ordinary share capital (gross of own shares)	R0010	1.424.817	1.424.817		-	
Non-available called but not paid in ordinary share capital at group level	R0020	-	-		-	
Share premium account related to ordinary share capital	R0030	7.538.456	7.538.456		-	
Initial funds, members' contributions or the equivalent basic own — fund item for mutual and mutual-type undertakings	R0040	-	-		-	
Subordinated mutual member accounts	R0050	-		-	-	-
Non-available subordinated mutual member accounts at group level	R0060	-		-	-	-
Surplus funds	R0070	-	-			
Non-available surplus funds at group level	R0080	-	-			
Preference shares	R0090	-		-	-	-
Non-available preference shares at group level	R0100	-		-	-	-
Share premium account related to preference shares	R0110	-		-	-	-
Non-available share premium account related to preference shares at group level	R0120	-		-	-	-
Reconciliation reserve	R0130	4.618.761	4.618.761			
Subordinated liabilities	R0140	-		-	-	-
Non-available subordinated liabilities at group level	R0150	-		-	-	-
An amount equal to the value of net deferred tax assets	R0160	18.047		-	-	18.047
The amount equal to the value of net deferred tax assets not available at the group level	R0170	-				
Other items approved by supervisory authority as basic own funds not specified above	R0180	-	-	-	-	-
Non available own funds related to other own funds items approved by supervisory authority	R0190	-	-	-	-	-
Minority interests (if not reported as part of a specific own fund item)	R0200	-	-	-	-	-
Non-available minority interests at group level	R0210	-	-	-	-	-
Own funds from the financial statements that should not be represented by the reconciliation reserve and do not meet the criteria to be classified as Solvency II own funds						
Own funds from the financial statements that should not be represented by the reconciliation reserve and do not meet the criteria to be classified as Solvency II own funds	R0220	-	-			
Deductions						
Deductions for participations in other financial undertakings, including non-regulated undertakings carrying out financial activities	R0230	-	-	-	-	
whereof deducted according to art 228 of the Directive 2009/138/EC	R0240	-	-	-	-	-
Deductions for participations where there is non-availability of information (Article 229)	R0250	-	-	-	-	-
Deduction for participations included by using D&A when a combination of methods is used	R0260	-	-	-	-	-
Total of non-available own fund items	R0270	-	-	-	-	-
Total deductions	R0280	-	-	-	-	-
Total basic own funds after deductions	R0290	13.600.083	13.582.036	-	-	18.047
Ancillary own funds						
Unpaid and uncalled ordinary share capital callable on demand	R0300	-			-	
Unpaid and uncalled initial funds, members' contributions or the equivalent basic own fund item for mutual and mutual — type undertakings, callable on demand	R0310	-			-	
Unpaid and uncalled preference shares callable on demand	R0320	-			-	-
Letters of credit and guarantees other than under Article 96(2) of the Directive 2009/138/EC	R0350	-				
Letters of credit and guarantees under Article 96(2) of the Directive 2009/138/EC	R0340	-	-	-	-	-
Supplementary members calls under first subparagraph of Article 96(3) of the Directive 2009/138/EC	R0360	-			-	-
